

Nd.

436. Nefndarálit

[93. mál]

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á mörgum fundum, sent það ýmsum aðilum til umsagnar og einnig kynnt sér þau erindi og áskoranir, sem Alþingi hafa um það borizt.

Ljóst er, að skoðanir eru skiptar um málið, bæði innan þings og utan.

Umsagnir og erindi, er þinginu hafa verið send um mál þetta, bera það með sér, að í mörgum fiskibæjum og þorpum eru hagsmunir sjómanna, verkafólks, útgerðar- og fiskiðjufyrirtækja mjög tengdir því, að mál þetta nái framgangi, og eru þeir aðilar, sem meðnæltir eru frumvarpinu, í miklum meiri hluta meðal þeirra, er sent hafa Alþingi erindi sín.

Þeir aðilar, er í bréfum sínum leggjast gegn framgangi málsins, virðast helst óttast, að til ofveiði geti komið, ef málið nær fram að ganga.

Með því að frumvarpið gerir ráð fyrir því, að veiðarnar með dragnót verði takmarkaðar og stöðugt eftirlit haft með þeim, þannig að á vísindalegan hátt verði flatfisksstofnarnir og þeir aðrir fiskistofnar, sem dragnótin getur tekið til, verndaðir gegn annars hugsanlegri ofveiði, teljum við þann ótta óþarfan.

Hjá þeim, er mæla með framgangi málsins, gætir nokkurs skoðanamunar um einstök atriði málsins. Þannig telja aðilar þá hámarks-bátastærð, er veiðileyfið miðast við (35 brúttó-rúmlestir), ýmist of eða van, og eru fleiri, er vilja leyfa stærri bátum veiðarnar.

Allt frumvarpið er miðað við, að í engu verði rýmkað til um leyfi til veiðanna frá því, sem löggin um þetta efni, nr. 45 frá 13. júní 1937, ákváðu, en þar er miðað við sömu bátastærð og hér er gert. Þykir okkur því ekki fært að svo stöddu að gera tillögu um breytingu á þessu atriði frá því, sem í frumvarpinu er.

Í nefndinni hefur ekki orðið samstaða um málið. Þeir nefndarmenn telja sig ekki geta mælt með frumvarpinu og munu gefa út annað eða önnur nefndarálit.

Við undirritaðir teljum að öllum málavöxtum athuguðum rétt að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1959.

Karl Guðjónsson,
fundaskr., frsm.

Sigurður Ágústsson.